

Reykjavík 9. nóvember 2009.

Menntamálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum lýsir yfir þungum áhyggjum vegna lokunar vefbókasafnsins Snöru <http://snara.is> en það hefur undanfarin ár staðið framhaldsskólum opið.

Í ljósi þess mikla samdráttar sem framhaldsskólarnir standa nú frammi fyrir eiga þeir margir hverjir erfitt með að greiða fyrir aðganginn og stefnir í að lokað verði fyrir aðgang í fjölmörgum skólum.

Samkvæmt vefmælingum hefur notkun vefbókanna innan framhaldsskólanna aukist mjög mikið upp á síðkastið og er það í takt við stefnu stjórnvalda um upplýsingasamfélagið þar sem stefnt er að því að upplýsingatækni verði notuð í auknum mæli við nám og kennslu.


Nemendur hafa átt auðvelt með að tileinka sér vefbækurnar og vilja ógjarna breyta vinnubrögðum sínum. Einnig hafa margir kennarar útbúið sérstök verkefni sem ganga út frá notkun orðabókanna eða Kortabókarinnar á Snöru.

Það væri því stórt skref afturábak ef skólarnir hefðu ekki lengur aðgang að veforðabókunum.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum skorar á menntamálaráðuneyti að bregðast skjótt við og tryggja áframhaldandi aðgengi allra framhaldsskólanema á Íslandi að veforðabókum Snöru.

Virðingarfyllst,

f.h. Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum



Ásdís Hafstað

Bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð



Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Bókasafni Fjölbrotaskóla Suðurlands